



# FÉLAG ÍSLENSKRA SKIPSTJÓRNARMANNA

Alþingi

Erindi nr. P 128/1206

komudagur 20.2.2003

Samgöngunefnd Alþingis  
Hr. nefndarritari Ágúst Geir Ágústsson  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 20. febrúar 2003.  
c:/2003/alþingi/siglingastofnun

**Efni: Frumvarp til laga um Siglingastofnun, 539. mál, vaktstöð siglinga EES reglur.**

Félag íslenskra skipstjórnarmanna hefur yfirfarið umrætt frumvarp og er umsögn félagsins í samráði við Farmanna- og fiskimannasamband Íslands.

Félag íslenskra skipstjórnarmanna gerir ekki athugasemd við frumvarpið og mælir með þeim tengslum sem með því er komið á við Siglingaöryggisstofnun Evrópu (EMSA)

Hins vegar áréttar Félag íslenskra skipstjórnarmanna þá almennu umsögn sem félagið gerði við frumvarp til laga um vaktstöð siglinga, 392. mál, sem hér með fylgir.

Almenn umsögn án tilvitnunar í lagatexta:

Í ljósi þess að flest verkefni hinar nýju vaktstöðvar eru nú í höndum Landhelgisgæslu Íslands eða er miðlað þangað telur Félag íslenskra skipstjórnarmanna eðlilegast að Samgönguráðuneyti og Dómsmálaráðuneyti taki sig saman og sameini starfsemi stjórnstöðvar Landhelgisgæslunnar, tilkynningarskyldunnar, sjóbjörgunarmiðstöðvar SVFL og strandastöðva í eina öfluga Björgunar og vaktstöð siglinga.

Þannig væri öll umsýsla siglinga, fjarskipta, neyðarviðskipta, tilkynninga vegna sjóferða, fjareftirlits, leitar- og björgunar, mengunarvarna, hafnaríkiseftirlits og fl. er snýr að siglingum og öryggi sjófarenda á einum stað.

Greinargerð.

Í þeirri umræðu sem orðið hefur í kjölfar slysa á undanförunum árum hefur það verið krafa sjófarenda að starfsemi allra sem koma að vinnslu neyðarviðskipta og stjórnun leitar og björgunar á hafinu í kringum Ísland verði sameinuð. Það markmið næst hins vegar ekki með þessari vaktstöð nema að starfsemi stjórnstöðvar Landhelgisgæslu Íslands komi þar inni en hún fer með yfirstjórn leitar- og björgunar innan efnahagslögsögu Íslands og á björgunarsvæði Íslands sem er 1.9 millj. ferkílómetrar.

Frumvarpið er skref fram á við á sviði öryggismála sjómanna. Hinsvegar eru flest væntanleg verkefni hinar nýju vaktstöðvar í umsjá Landhelgisgæslunnar og mun hún í flestum tilfellum verða sá viðbragðsaðili sem tilkynningum og neyðarviðskiptum verður miðlað til. Í 2. gr. frumvarspsins eru markmið og hlutverk vaktstöðvarinnar tilgreind. Eftirfarandi liðir 2. gr. eru í höndum eða er miðlað til Landhelgisgæslunnar:

- a. Í dag eru rekin tvö fjareftirlitskerfi, þ.e. fiskveiðieftirlitskerfi LHG og STK kerfi tilkynningarskyldunnar.

- b. Tilkynningar frá skipum um hættulegan eða mengandi farm eru í dag sendar til stjórnstöðvar LHG.
- c. Móttaka neyðarkalla er oftast nær í höndu strandastöðva en er svo miðlað til Landhelgisgæslunnar sem fer með yfirstjórn leitar- og björgunar á hafinu og ræður jafnframt yfir öflugustu björgunartækjum landsmanna.
- d. Móttaka og miðlun tilkynninga frá farþegaskipum vegna skráningar farþega er í höndum Landhelgisgæslunnar.
- e. Vöktun GMDSS og NAVTEX er í höndum strandastöðvanna í dag en í flestum vestrænum löndum er þessi starfsemi undir Strandgæslum viðkomandi ríkja.
- f. Tilkynningar vegna hafnaríkiefirlits koma í dag til Landhelgisgæslunnar og er þaðan miðlað til Siglingastofnunar.
- g. Tilkynningar vegna bilana í vitakerfi eða vegna farartálma á sjó berast ýmist strandastöðvum eða Landhelgisgæslu. Viðgerð ljósdufla og vita er í höndum Siglingarstofnunar en oftast en ekki sinnir Landhelgisgæsla viðgerðum á ljósduflum. Þá er það í höndum Landhelgisgæslu að fjarlægja reköld og aðra hluti er valdið gætu hættu fyrir sjófarendur.

Með því að sameina áður nefnda starfsemi vinnst eftirfarandi:

1. Öll öryggisþjónustu vegna siglinga yrði á einum stað hjá þeim aðila sem fer með yfirstjórn löggæslu, leitar- og björgunarstarfa á hafinu.
2. Boðleiðir styttest og milliliðum fækkar í leitar- og björgunartilfellum.
3. Viðbrögð við neyðarköllum yrðu skjótari og öruggari þar sem öll samskipti skipa við björgunaraðila yrðu milliliðalaus.
4. Stjórnun björgunaraðgerða yrði markvissari þar sem upplýsingar um staðsetningu skipa væru í höndum björgunaraðila og þ.e. Landhelgisgæslan þyrfti ekki að leita upplýsinga hjá hini nýju vaktstöð varðandi staðsetningu skipa sem að gagni gætu komið við leit- og björgun.
5. Með rekstri eins fjarefirlitskerfis í stað tveggja næðist töluverð hagræðing.
6. Samnýting aðstöðu og mannafla í daglegum störfum mun nýtast betur en þær vaktstöðvar sem reknar eru í dag eru að jafnaði aðeins mannaðar einum manni.

Það þarf ekkert að fjölyrða um það að öryggi sjófarenda er best tryggt með því að hafa daglega öryggisþjónustu og yfirstjórn leitar og björgunar á einni hendi. Þá má ekki gleyma því að sú þekking og reynsla sem fyrir hendi er hjá þeim aðilum sem sinna þessu starfi í dag skiptir gríðarlegu máli. Þarna starfa aðilar með þekkingu á skipstjórn, fjarskiptum og mikla reynslu á sviði björgunaraðgerða á sjó og með því að bjóða starfsemi vaktstöðvar út væri hætt við því að sú reynsla tapaðist.

f.h. Félags íslenskra skipstjórnarmanna

Virðingarfyllt

  
# Guðjón Petersen